



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

2013

Umsögn um stjórnarhætti: Íslandssjóðir hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Íslandssjóðir hf. fái viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af KPMG ehf. í október 2013.

Niðurstaða úttektar KPMG á stjórnarháttum Íslandssjóða hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar er skilgreint í starfsreglum stjórnar og hefur stjórnin skilgreint hlutverk sitt sem eftirlitshlutverk. Hlutverk stjórnarformanns er skilgreint ítarlega í starfsreglum stjórnar.

Hvað má betur fara: Stjórnin hefur ekki skilgreint með formlegum hætti hvernig hún ætlar að vinna með framkvæmdastjóra og hafa eftirlit með störfum hans. Jafnframt mætti skilgreina betur stefnumótandi, óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir. Íslandssjóðir hf. eru í 99,7% eigu Íslandsbanka hf. Mikilvægt er að hlutverk stjórnar sé skýrt gagnvart eigendum félagsins, hvað varðar ábyrgð og ákvarðanir.

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verkefni stjórnar eru í ágætu samræmi við hlutverk stjórnar samkvæmt skoðun á fundargerðum. Umræða um áhættustefnu og áhættustýringu er árlega á dagskrá en hjá félaginu er starfandi áhættunefnd sem er skipuð framkvæmdastjóra, áhættustjóra, sérfræðingi úr hlutabréfateymi og tveimur greiningarsérfræðingum. Stjórnin gerir árlegt árangursmat á eigin störfum.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Hvað má betur fara: Verkefni stjórnar mætti jafnframt vera að vera leiðandi hvað varðar stjórnarhætti í sjóðum félagsins.

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin er mjög virk miðað fjölda og lengd funda (á tímabilinu frá maí 2012 til apríl 2013 voru haldnir 21 stjórnarfundur, 2 – 2 ½ klukkustund að lengd að jafnaði). Aðgengi að upplýsingum er gott og stjórn Íslandssjóða hf. hefur aðgang að stjórnarvefgátt sem hýsir allar fundargerðir stjórnarinnar og önnur fundargögn. Innri endurskoðandi framkvæmir árlega úttekt á starfsemi félagsins og skilar skýrslu til stjórnar og veitir endurskoðunarnefnd reglulega upplýsingar.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfsreglur stjórnar voru endurskoðaðar og samþykktar í september 2013. Allir stjórnarmenn eru virkir við ákvarðanatöku. Stjórnarmenn eru fjórir og samþykktir félagsins kveða á um að ef atkvæði þeirra verði jöfn ræður atkvæði stjórnarformanns úrslitum. Félagið hefur sett sér siðareglur sem samþykktar voru af stjórn í september 2012.

Hvað má betur fara: Stjórnin hefur ekki mótað stefnu um samfélagslega ábyrgð.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa fjölbreytta þekkingu og reynslu. Stjórn félagsins árið 2013 skipa: Steinunn Bjarnadóttir (formaður), Kristján Björgvinsson, Bolli Héðinsson og Erna Eiríksdóttir. Stjórnarmenn eru á aldrinum 49 – 59 ára og er meðaldur þeirra 54 ár, 50% stjórnarmanna eru karlmenn og 50% konur. Stjórnarformaður er starfsmaður Íslandsbanka hf, aðaleiganda félagsins, en aðrir stjórnarmenn eru óháðir.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áðurnefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.